



Fossvogsbakkar

Verndar- og stjórnunaráætlun 2015-2024

Júní 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2015-2019	1-3
1. INNGANGUR	1-4
1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	1-4
1.2. Eignarhald og umsjón	1-4
1.3. Verndargildi og verndarflokkur	1-4
2. LÝSING Á SVÆÐINU	2-6
2.1. Mörk svæðisins.....	2-6
2.2. Náttúruminjar	2-6
2.2.1. Jarðminjar	2-6
2.2.2. Gróður og dýralíf.....	2-6
2.3. Menningarminjar	2-6
2.4. Innviðir og mannvirki	2-6
2.5. Fræðsla og rannsóknir	2-7
2.6. Útivist	2-7
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	3-8
3.1. Náttúruminjar	3-8
3.1.1. Jarðminjar	3-8
3.1.2. Gróður og dýralíf.....	3-8
3.2. Menningarminjar	3-8
3.3. Innviðir og mannvirki	3-8
3.4. Útivist	3-9
3.5. Fræðsla og rannsóknir	3-9
3.6. Öryggismál	3-9
VIÐAUKI I	3-10
VIÐAUKI II	3-12

Aðgerðaáætlun 2015-2019

Aðgerðaáætlun þessi er samantekt á þeim aðgerðum sem brýnast er að vinna að á næstu fimm árum.

Náttúruminjar

Jarðminjar

- Reykjavíkurborg mun gera kort af jarðminjum svæðisins aðgengileg fyrir almenning fyrir árið 2018.
- Í því skyni að tryggja varðveislu jarðmyndana svæðisins munu Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg árlega vinna að því að halda alaskalúpínu og þistli á bökkunum í skefjum.

Gróður og dýralíf

- Reykjavíkurborg mun uppfæra gróðurkort af svæðinu á 5 ára fresti til að fylgjast með útbreiðslu lúpínu.

Innviðir og mannvirki

- Reykjavíkurborg mun fylgjast með ástandi göngustíga á svæðinu árlega og annast viðhald eftir þörfum.
- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg munu meta hvaða svæði eru örugg fyrir almenning, sérstaklega m.t.t. hruns, og setja upp vegvísa til að leiðbeina fólki á þau svæði fyrir árið 2020.
- Umhverfisstofnun mun setja upp viðvörunarskilti sem vara við hrun- og fallhættu við brúnir fyrir árið 2017.

Fræðsla og rannsóknir

- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg uppfæri upplýsingar á heimasíðum sínum reglulega í samræmi við niðurstöður vöktunar Reykjavíkurborgar á náttúruminum.

Öryggismál

- Við uppfærslu á fræðsluskilti skal varað við því að brúnir bakkanna geta verið varasamar. Við uppfærslu á fræðsluskilti skulu einnig settar upplýsingar um sjávarföll á svæðinu þar sem varað er við flóði og fjöru.
- Umhverfisstofnun mun setja upp viðvörunarskilti sem vara við hrun- og fallhættu fyrir árið 2017 (sjá einnig aðgerðir varðandi innviði og mannvirki).
- Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg munu vinna að því árlega að halda lúpínu á brúnum í skefjum til að auka sýnileika brúna og draga þannig úr fallhættu.

1. Inngangur

Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem sem náttúruvætti árið 1999. Svæðið er staðsett við norðanverðan Fossvog í Reykjavík. Þar er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykavíkur og landsins alls, Fossvöglögin, sem lýsa ástandi í lok ísaldar fyrir 11.000 árum.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Verndar- og stjórnunaráætlunin var unnin af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2024. Meðfylgjandi áætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra áætlunina.

Nánari lýsingu og fróðleik um Fossvogsbakka er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

1.1. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu nr. 326/1999 í Stjórnartíðindum B samkvæmt heimild í 26. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996. Auglýsinguna má sjá í viðauka I.

Í Reykjavík er í gildi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 þar sem tekið er tillit til friðlýsingar Fossvogsbakka. Deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt þann 12. febrúar 1999.

1.2. Eignarhald og umsjón

Náttúruvættið Fossvogsbakkar eru í eigu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 hefur Umhverfisstofnun umsjón með svæðinu, en Reykjavíkurborg var falin dagleg umsjón þess og rekstur svæðisins með samningi árið 2015.

1.3. Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi Fossvogsbakka felst fyrst og fremst í verndun jarðminja á svæðinu, en þar er að finna þykk sjávarsetlög frá lokum ísaldar fyrir um 11.000 árum. Í setlögum er að finna ýmsa steingervinga auk þess sem þar er að finna jökulset. Verndargildi svæðisins felst einnig í staðsetningu svæðisins í miðri borg og aðgengileika.

Fossvogsbakkar eru friðlýstir sem náttúruvætti og flokkast í flokk III samkvæmt flokkun friðlýstra svæða hjá Alþjóða náttúruverndarsamtökunum (IUCN). Í þeim flokki eru



náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að vernda vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna, t.d. fossar, eldstöðvar, hellar, drangar, fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinategunda og steinda. Alla jafna eru svæði í flokki III fremur lítil, en hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir gesti.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Friðlýsta svæðið Fossvogsbakkar eru 17,8 hektarar að stærð. Svæðið er staðsett við norðanverðan Fossvog í Reykjavík. Mörk svæðisins má sjá á korti í viðauka II.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Setin í Fossvogsbökkum, hluti hinna svokölluðu Fossvogslaga, eru talin vera um 11.000 ára gömul eða frá lokum síðustu ísaldar. Lögin eru um 2 km að lengd við strandlengjuna. Lögin eru mjög misþykk, tæpir 5 metrar þar sem þau eru þykkust. Sumsstaðar eru þau nær horfin vegna sjávarrofs. Setlögin liggja ofan á grágrýtisklöpp sem talin er hafa myndast fyrir 100-200 þúsund árum. Neðsta lag setlaganna er jökulberg sem myndað er úr jökulruðningi. Næstu lög eru sjávarsetlög þar sem er að finna mikið af steingervingum. Ofan á sjávarsetinu er jökulberg. Úr setlögum má lesa ýmislegt um sjávarstöðu og veðurfar fyrir á tímum.

Setlögin eru víðast hvar í ágætu ásigkomulagi þrátt fyrir að sjávarrof sé nokkuð.

2.2.2. Gróður og dýralíf

Á svæðinu er mjög fjölbreyttur gróður sem hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og áratugum vegna útbreiðslu ágengra tegunda og landnámi slæðinga úr gördum. Þar sem setlögin eru ekki mjög brött og mynda nokkurs konar skriður eru þau nokkuð gróin af margvíslegum gróðri, einkum grastegundum en einnig stórvaxnari gróðri. Á bökkum setlaganna er gróður víða stórvaxinn þannig að hann skyggir á jarðmyndanirnar. Á þeim svæðum er lúpína algeng.

Gróðurlendið á Fossvogsbökkum hýsir fjölbreytilegt smádýralíf og fuglalíf á svæðinu er mikið, einkum í fjörunni.

2.3. Menningarminjar

Við Fossvogsbakka er að finna minjar frá tímum síðari heimstyrjaldar. Um er að ræða húsgrunna sem ekki er viðhaldið. Grunnarnir tilheyra herbúð, Camp Mable Leaf, sem staðsett var vestarlega á Fossvogsbakkasvæðinu. Austan við leifar herbúðarinnar er að finna tóftir sem byggðar voru árið 1944 og eru vel greinanlegar.

2.4. Innviðir og mannvirki

Margir stígar eru á svæðinu. Malbikaðir göngu- og hjólastígar sem tengja Fossvogsdal við Nauthólsvík liggja að miklu leyti í gegnum friðlýsta svæðið. Stígarnir eru vel merktir. Malarstígar liggja út frá malbikuðu stígum niður á og meðfram Fossvogsbökkum. Þá hafa



einnig myndast stígar sem ekki hefur verið borið í og liggja flestir út að brún bakkanna. Enginn göngustígur er niður í fjöruna. Tvö fræðsluskilti eru á svæðinu, annað vestast á svæðinu og hitt fyrir miðju.

2.5. Fræðsla og rannsóknir

Einstakt er að svo merkar jarðminjar séu staðsettar í miðri borg og að mestu leyti mjög aðgengilegar og sýnilegar. Rannsókn- og fræðslugildi jarðminjanna á ýmsum sviðum jarðfræði er hátt á heimsvísu og hafa vísindamenn, íslenskir og erlendir, stundað rannsóknir á svæðinu. Þá hafa setlögin hátt fræðslugildi fyrir náttúrufræðikennslu á öllum skólastigum og fyrir aðra gesti svæðisins. Sem dæmi má nefna að Bláfánastarf Ylstrandarinnar í Nauthólsvík stendur reglulega fyrir fræðsluviðburðum á og í tengslum við svæðið.

2.6. Útivist

Umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á svæðinu er mikil um þá stíga sem eru innan friðlýsta svæðisins. Svæðið er aðgengilegt og nálægt vinsælum útivistarsvæðum í Fossvogsdal, Nauthólsvík og Öskjuhlíð.

3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Náttúruminjar

3.1.1. Jarðminjar

Vernda skal jarðminjar náttúruvættisins Fossvogsbakka og gæta þess að framkvæmdir og ágangur manna rýri ekki ásýnd þeirra eða breyti landslagi svæðisins. Uppbyggingu innviða skal vera þannig háttað að þeir falli vel að landslaginu og rýri ekki ásýnd svæðisins. Tryggja skal að ásýnd jarðminja verði eins og best verður á kosið. Við skipulag og framkvæmdir innan svæðisins skal verndun jarðmyndana höfð að leiðarljósi.

Aðgerðir

- Kort af jarðminjum svæðisins verði gert aðgengilegt almenningi
- Unnið verður að því að halda alaskalúpínu og þistli á bökkunum í skefjum til að tryggja sýnileika jarðmyndana.

3.1.2. Gróður og dýralíf

Unnið skal að því að halda framandi tegundum í skefjum á svæðinu. Langtímamarkmið er útrýming þeirra. Ekki skal dreifa framandi tegundum á svæðinu.

Aðgerðir

- Gróðurlupur verði uppfærð í því skyni að fylgjast með útbreiðslu lúpínu.

3.2. Menningarminjar

Menningarminjar skulu verndaðar með því að stuðla að fræðslu og að tryggt sé að ekki sé hróflað við þeim.

3.3. Innviðir og mannvirki

Lögð er áhersla á að allar endurbætur og frekari uppbygging innviða og mannvirkja á svæðinu sé með þeim hætti að jarðminjum og verndargildi svæðisins sé ekki raskað. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta. Reglulegt viðhald skal vera á öllum innviðum svo að sómi sé af.

Aðgerðir

- Fylgst verður með ástandi göngustíga og þeim viðhaldið eftir þörfum.
- Metin verði hvaða svæði eru örugg fyrir almenning og þau merkt með vegvísunum.
- Sett verði upp viðvörðunarskilti vegna hrun- og fallhættu við brúnir.



3.4. Útivist

Náttúruvættið skal vera aðgengilegt almenningi og stuðlað skal að útivist með góðri tengingu við nærliggjandi útivistarsvæði. Svæðinu verði haldið snyrtilegu og mannvirkjum viðhaldið til að auka ánægju gesta.

3.5. Fræðsla og rannsóknir

Fræðsluefni um náttúruvættið, jarðminjar og verndargildi og þær umgengnisreglur sem þar gilda skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og stuðla að því að gestir, nemendur og íbúar í nágrenni svæðisins læri að meta, skilja og tengjast náttúruminum svæðisins og þannig stuðla að góðri umgengni. Hvatt skal til hvers konar rannsókna á svæðinu, svo fremi að þær rýri ekki verndargildi svæðisins.

Aðgerðir

- Uppýsingar á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar verði uppfærðar í samræmi við niðurstöður vöktunar Reykjavíkurborgar á náttúruminum.

3.6. Öryggismál

Öryggi gesta sem heimsækja Fossvogsbakka skal tryggt sem best.

Aðgerðir

- Við uppfærslu á fræðsluskilti skal varað við því að brúnir bakkanna geta verið varasamar. Við uppfærslu á fræðsluskilti skulu einnig settar upplýsingar um sjávarföll á svæðinu þar sem varað er við flóði og fjöru.
- Sett verði upp viðvörunarskilti sem vara við hrún- og fallhættu (sjá einnig aðgerðir varðandi innviði og mannvirki).
- Unnið verði að því árlega að halda lúpínu á brúnum í skefjum til að auka sýnileika brúna og draga þannig úr fallhættu.

Viðauki I

Stj.tið. B nr. 326/1999

Auglýsing um friðlýsingu Fossvogsbakka í Reykjavík

Að tillögu [Umhverfisstofnunar] og samkvæmt samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa Fossvogsbakka í Reykjavík sem náttúruvætti í samræmi við 26. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda hin svokölluðu Fossvogslög sem eru fágætar jarðmyndanir í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls og lýsa ástandi í lok ísaldar fyrir 11.000 árum.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru:

Fossvogsbakkar allir frá bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur að línu 5 m frá affallslögn Hitaveitu Reykjavíkur í Nauthólsvík. Hnit svæðisins eru (í hnitakerfi Reykjavíkurborgar):

- | | |
|-----------------------------|------------------------------|
| 1. (21892,7179; 15356,6378) | 8. (20664,9433; 14952,6811) |
| 2. (21832,6488; 15257,8381) | 9. (20697,4000; 14917,6785) |
| 3. (21567,6619; 15227,1630) | 10. (20671,0866; 14788,5046) |
| 4. (21542,1976; 15211,8047) | 11. (20680,0820; 14747,5852) |
| 5. (21035,6180; 15180,8436) | 12. (21029,0150; 15048,1913) |
| 6. (20884,8724; 15144,5710) | 13. (21913,6115; 15170,0161) |
| 7. (20783,3521; 15096,5908) | 14. (21954,0878; 15335,4666) |

Sjá einnig meðfylgjandi uppdrátt.

Eftirfarandi reglur gilda um hið friðlýsta svæði:

1. Varðveita skal jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd.
2. Hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt geta útliti eða eðli svæðisins er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].
3. Losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á hinu friðlýsta svæði.
4. Fólki er heimil fór um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
5. Borgarstjórn er heimilt að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun] að setja nánari reglur varðandi umgengni og umferð um hið friðlýsta svæði.

Umhverfismálaráð Reykjavíkur hefur umsjón og eftirlit með hinu friðlýsta svæði í umboði [Umhverfisstofnunar] og borgarstjórnar. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Borgarstjórn mun að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun] framkvæma nauðsynlegar aðgerðir

Stj.tíð. B nr. 326/1999

til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta eftir því sem henta þykir.
Deiliskipulag af svæðinu verður unnið sem hluti af deiliskipulagi Óskjuhlíðar.
Reykjavíkurborg eru heimilar nauðsynlegar framkvæmdir sem lúta að viðhaldi Fossvogsræsis og til varnar rofi á bökkum reynist það nauðsynlegt. Þess skal gætt að viðhaldsframkvæmdir hafi lágmarksröskun í för með sér og að framkvæmdir gangi ekki gegn 1. og 2. gr. reglna um hið friðlýsta svæði.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið, 3. maí 1999

Guðmundur Bjarnason

Magnús Jóhannesson


Viðauki II

Kort af svæðinu




30. júní 2015

F.h. Umhverfisstofnunar,



Kristín L. Árnadóttir, forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri

Með undirskrift þessari staðfestist að Reykjavíkurborg muni koma að uppbyggingu svæðisins með þeim hætti er fram kemur í verndar- og stjórnunaráætluninni.

F.h. Reykjavíkurborgar,



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri